



Átt þú í fórum þínum gömul heimasaumuð, heklud eða prjónuð barnaföt með sögu eða sál?

Byggðasafn Norður-Þingeyinga undirbýr nú sumarsýningu ársins sem verður um heimagerð föt á börn að sex ára aldri. Eigi fólk slík föt í fórum sínum sem eru sérstæð vegna gerðar, aldurs eða sögu, höfum við mikinn áhuga af að fréttu af því og e.t.v. fá lánuð á sýninguna.

Þeir sem eiga áhugaverðar flíkur í þessu samhengi og hafa áhuga á að leggja okkur lið eru beðnir að hafa samband við Sif, í síma 896 8218 eða í með tölvupósti safnahus@husmus.is

Frá Raufarhafnarkirkju:

Almenn guðsþjónusta verður í kirkjunni á sunnudaginn kemur, þann 14. febrúar kl. 14.00. Organisti Stefanía Sigurgeirsdóttir, kór kirkjunnar leiðir söng. Á eftir verður létt samvera í safnaðarheimilinu, m.a. með æsispennandi spurningakeppni milli tveggja fyrirtækja/stofnana á Raufarhöfn. Kaffiveitingar.

Verið innilega velkomin til kirkju á þessum degi.

Sóknarprestur og sóknarnefnd

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst. Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum. Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 17. febrúar 2016. Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
6. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 10. febrúar 2016



Bókasafn Öxarfjarðar

Akurgerði 4-6, 670 Kópasker. Sími 465-2102.

Takið eftir breyttum opnunartíma!

Opið verður:

Þriðjudaga kl. 16⁰⁰ - 19⁰⁰

Miðvikudaga kl. 13⁰⁰ - 16⁰⁰

Fimmtudaga kl. 16⁰⁰ - 19⁰⁰

Sumarstarf í Sauðaneshúsi

Auglýst er eftir starfsmönnum í Sauðaneshúsi frá 15. júní – 31. ágúst.

Sauðaneshúsið er opið alla daga frá klukkan 11-17.

Verkefni:

-móttaka gesta og leiðsögn um sýningu.

-afgreiðsla á veitingum.

-þrif.

Viðkomandi þarf að vera orðinn 20 ára, hafa áhuga á sögu svæðisins, vera fær í mannlegum samskiptum og hafa góða færni bæði í íslensku og ensku.

Laun eru greidd eftir kjarasamningum [Framsýnar við samninganefnd sveitarfélaga frá 1. júní 2011](#)

Umsóknarfrestur er til 22. apríl.

Umsóknir skal senda á netfangið safnahus@husmus.is

Nánari upplýsingar gefur Sif Jóhannesdóttir forstöðumaður

Menningarmiðstöðvar Þingeyinga í síma 464 1860 eða í tölvupósti: safnahus@husmus.is



Við auglýsum eftir starfsmanni á leikskóladeild Öxarfjarðarskóla á Kópaskeri

Vegna ákveðinna aðstæðna viljum við ráða starfsmann í 100% starf við leikskóladeild Öxarfjarðarskóla, á Kópaskeri.

Upplýsingar gefur skólustjóri, Guðrún S. Kristjánsdóttir, í síma 465-2246 eða 892-5226. gudrunsk@nordurthing.is

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

SUMARSTÖRF 2016

Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða fólk í fjölbreytt sumarstörf.

Um er að ræða landvörslu, upplýsingagjöf, afgreiðslu, umsjón tjaldsvæða, ræstingar, vaktstjórn í veitingasölu og almenn verkamannastörf.

- **Skaftafell:** Landvarsla og upplýsingagjöf, umsjón tjaldsvæðis, ræstingar, afgreiðsla í verslun og veitingasölu, vaktstjórn í veitingasölu.
- **Höfn í Hornfirði:** Landverðir og starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í almenn störf.
- **Snæfellsstofa á Skriðuklaustri:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf, afgreiðslu og ræstingar.
- **Skaftárstofa á Kirkjubæjarklaustri:** Landverðir og starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- **Askja og Ódáðahraun, Kverkfjöll, Hvannalindir, Möðrudalur, Snæfell, Lónsóræfi, Lakagígar, Eldgjá, Hrauneyjar og Nýidalur:** Landverðir

Ofangreind störf eru flest á tímabilinu frá byrjun júní til loka ágúst. Nokkur störf eru þó til lengri (*maí – september*) eða skemri (*júlí – ágúst*) tíma. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Umsækjendur um landvarðastörf skulu hafa lokið landvarðanámsskeiði, eða búa yfir sértækri reynslu sem nýtist í starfi. **Ítarlegri upplýsingar** um störfin, hæfniskröfur og aðbúnað starfsmanna má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; www.vjp.is og hjá þjóðgarðsvörðum á viðkomandi svæðum.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsóknarfrestur er til og með **1 mars nk.** og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsoknir@vjp.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstig 25-27, 101 Reykjavík.